



## 2. fundur stjórnar Aftureldingar 12. apríl 2012

**Fundur settur kl. 18 að Varmá.**

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir og Kristín Reynisdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur UMFA og Mosfellsbæjar
2. Húsnæðismál
3. Skuldir deilda við aðalstjórn.
4. Tungubakkar, erindi frá knattspyrnudeild.
5. Errea.
6. Uppgjörsmál fyrrv. framkvæmdastjóra

1. Samningsdrög voru rædd en ákveðið að skoða ýmis atriði nánar.

2. Stálgrindarhúsið rætt. Ekki hefur unnist tími til að ræða við bardagadeildirnar og fimleikadeild en stefnt er að því að hitta fulltrúa deildanna í næstu viku.

3. Í yfirferð bókhaldsins undanfarna mánuði hefur komið í ljós að nokkrar deildir skulda aðalstjórn fé. Einnig var ræddur sá mikli misbrestur sem er á skilum deilda á fjárhagsáætlunum til aðalstjórnar en skv. lögum félagsins skal skila fjárhagsáætlun fyrir 15. nóvember ár hvert. Ákveðið að senda póst á allar deildir og ítrekað að senda skuli inn fjárhagsáætlanir innan viku frá útsendingu póstsins. Einnig verður sent með nýtt fjárhagsáætlunarform, líka til þeirra tveggja deilda sem hafa skilað inn áætlun. Stjórnunum mfl kk í handbolta og mfl kk og kvk í fótbolta verður sent bréf þar sem þeim verður gert að skila fjárhagsáætlun fyrir 2012 ásamt áætlun um endurgreiðslu skulda við aðalstjórn. Í framhaldinu verður fundað með þessum stjórnunum og farið yfir áætlanirnar.

4. Erindi knattspyrnudeildar rætt. Tungubakkar eru hluti þeirrar íþróttastöðu sem bærinn úthlutar Aftureldingu og er í umsjón aðalstjórnar líkt og önnur aðstaða. Formaður sendir skriflegt svar við spurningum knattspyrnudeildar.

5. Rætt um stöðu á Erreasamningum. Ákveðið að Guðjón, Jóhann, Ásmundur og Helga fundi með fulltrúum Errea á næstunni og fari yfir stöðuna á samningum.

6. Gjaldkeri kynnti samantekt sem unnið er að varðandi uppgjör við fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:10. Næsti fundur verður haldinn 26. apríl.

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar**